Fundargerð samráðshóps SSH um velferðarmál – 5x. fundur 2026
Dagsetning fundar: 4. nóvember 2026
Tímasetning fundar: 8:30
Fundarstaður: Hamraborg 9.

Viðstaddir: Baldur Pálsson (Seltjarnarnesi), Guðlaug Ósk Gísladóttir (Hafnarfirði), Sigrún Þórarinsdóttir (Kópavogi), Svanhildur Þengilsdóttir (Garðabæ), Dís Sigurgeirsdóttir (Reykjavík), Katrín Harpa Ásgeirsdóttir (Reykjavík) og Jóhanna Lilja Ólafsdóttir (Kópavogur) ritaði fundargerð.

1. Sandra Gunnarsdóttir sérfræðingur hjá heilbrigðisráðuneytinu mætti á fundinn til að ræða mögulegt samstarf eða samning milli geðheilsuteyma og sveitarfélaga.

Í maí sl. skapaðist mikil umræða um stöðu og þjónustu við einhverft fólk í heilbrigðiskerfinu. Í kjölfarið hófst vinna innan heilbrigðisráðuneytisins við að skoða þjónustu geðheilbrigðiskerfisins við fólk með einhverfu, meðal annars þau viðmið sem geðheilsuteymi vinna eftir. Upplýsinga var aflað frá geðheilsuteymum og heilbrigðisstofnunum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Sú upplýsingaöflun benti til þess að geðheilsuteymi vísuðu fólki ekki lengur frá þjónustu eingöngu á grundvelli einhverfugreiningar.

Reynsla sveitarfélaganna er þó að einhverju leyti önnur. Þar hefur komið fram að vandi einstaklinga sé í sumum tilvikum talinn tengjast einhverfu fremur en geðrænum vanda, sem geti haft áhrif á aðgengi þeirra að þjónustu geðheilbrigðiskerfisins.

Á árum áður var í gildi samningur við Reykjavíkurborg um samstarf við geðheilsuteymin í Reykjavík. Í samtölum ráðuneytisins við geðheilsuteymi höfuðborgarsvæðisins kom fram vilji til að skoða að nýju formlegt samstarf við sveitarfélögin. Markmiðið væri að stuðla að betri samfellu, samhæfingu og skýrari verkaskiptingu milli geðheilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Söndru var þakkað fyrir kynninguna. Málið var rætt og voru fundarmenn sammála um að tilefni væri til að skoða nánar aukið samtal og samstarf sveitarfélaganna við geðheilbrigðiskerfið. Sem næsta skref verði greint hvar þörfin fyrir aukið samstarf er mest og reynsla sveitarfélaganna af núverandi og fyrra samstarfi og samningum tekin saman.

2. Samræma gjald vegna yfirsetu á LSH – Lögð var fram til samþykktar tillaga ráðgjafarráðs í málefnum fatlaðs fólks innan SSH að samræmdum verklagsreglum um kaup Landspítala háskólasjúkrahúss (LSH) á sérhæfðri þjónustu sveitarfélaga. Í verklagsreglunum er kveðið á um samræmt einingargjald fyrir þjónustuna og þeim fylgir jafnframt samræmt beiðnieyðublað. Fundargestir samþykktu þessa tillögu og var Katrínu Hörpu falið að fylgja málinu eftir gagnvart LSH.

3. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdarstjóri SSH kom inn á fundinn til að ræða samninga vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks. Umræða hefur verið innan stjórnar SSH að skoða sameiginlegt útboð til að auka hagkvæmni og skilvirkni akstursþjónustunnar. Hann leggur til að haldinn verði einn sprettfundur í viðbót undir stjórn ráðgjafa útboðsmála frá COWI. Markmið fundarins er að leita að sameiginlegum fleti til að fara í sameiginlegt útboð. Páll mun hafa milligöngu um fund mánudaginn 9. nóvember n.k. á teams. Sviðsstjórar taka með sér þá aðila sem hafa þekkingu á málefninu.

4. Innra eftirlit sveitarfélaga - Ennþá er beðið eftir gæðaviðmiðum frá GEV. Í síðustu viku bárust sniðmát frá þeim fyrir úttektir, kvartanir og úttektaráætlanir auk gátlista um val á

úttektaraðila. Reykjavíkurborg er komin með drög að verklagi vegna innra eftirlits og er Dís tilbúin til að deila því með hinum sveitarfélögunum.

5. Eftirlit sveitarfélaga með einkareknum úrræðum - Rætt um mikilvægi þess að setja innra eftirlit sveitarfélaga með aðkeyptri þjónustu í skýrari farveg. GEV hefur ekki svarað erindi frá Reykjavíkurborg um hvernig best sé að hátta þessu eftirliti. Kópavogur vill innleiða eftirlits heimsóknir minnst tvisvar á ári í einstök úrræði. Verið að skoða hvernig því verður háttað.

6. **Önnur mál**
   a. Reykjavíkurborg lét gera úttekt á fyrirkomulagi fósturmála hjá Barnavernd Reykjavíkur. Skýrsluna má nálgast í fundargerð velferðarráðs Reykjavíkur frá 21.10.2026.

   b. Reykjavíkurborg upplýsir um að á föstudag verður samráðsfundur með hagsmunasamtökum fatlaðs fólks um þær hugmyndir sem komnar eru fram varðandi breytingar á reglum um NPA. Hagsmunasamtökin munu verða upplýst um að vilji sé til innan SSH að sveitarfélögin séu með samræmdar reglur.

   c. Skýrsla um samspil og virkni velferðarþjónustu – María hjá Sambandinu mun boða félagsmenn Velferðar á fund með Arnari til að fara yfir skýrsluna. Í kjölfar þess væri æskilegt að samráðshópur SSH um velferðarmál eða stjórn velferðar sendi skýrsluna og minnisblað með til ráðuneytanna með